



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Fjárhagsáætlun Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu 2024

Vísað er til bréfs slökkviliðsstjóra Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, dags. 12. október 2023, þar sem lögð er fram fjárhagsáætlun fyrir árin 2024-2028 sem hefur þegar verið samþykkt af stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Fjárhagsáætlunin byggir á meginforsendum og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS, ásamt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands og er samþykkt með fyrirvara um breytingar, sbr. inngang áætlunarinnar. Lýtur sá fyrirvari einkum að teknu tilliti til breytinga á mönnun, meðal annars með tilliti til niðurstaðna úr mælingum á viðbragsgetu liðsins og fylgni við áætlun um eldvarnaskoðanir mannvirkja samkvæmt reglugerðum þar um.

Samkvæmt greiðsluskiptingu milli sveitarfélaga vegna nefndra verkefna er gert ráð fyrir að heildarframlög Reykjavíkurborgar fyrir árið 2024 verði 1.499.870 þkr. sem er 7,3% hækkun frá fyrra ári. Stjórn SHS hefur samþykkt fyrir sitt leyti framlagða fjárhagsáætlun og gerir fjármála- og áhættustýringarsvið ekki athugasemdir við hana.

Haldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs